

Ljósritun í skólum



Höfundaréttur

Allt samið mál í ræðu og riti auk tónsmíða og ljósmynda er varið með höfundarétti. Afritun þess eða eintakagerð er óheimil nema í þröngum undantekningartilvikum til persónulegra nota og án fjárhagslegs tilgangs.

Þeir sem afrita með einum eða öðrum hætti slík verk þurfa leyfi til þess. Gildir það jafnt um hefðbundna ljósritun, skönnun prentaðra verka og útprentun af netinu.

Leyfisins má afla með samningi við Fjölís, sem hefur umboð höfunda og er milliliður þeirra sem afrita texta, nótur og myndir til notkunar í starfi sínu og rétthafa höfundaréttarins.

Samningsleyfi við Fjölís getur veitt lögmæta heimild til ljósritunar, skönnunar og útprentunar af netinu auk rafrænnar vistunar og dreifingar.

Hvað má ljósrita og hvernig?

Samningur Fjölís við menntamálaráðuneytið nær til:

- Leik-, grunn-, framhalds og háskóla auk tónlistarskóla og símenntunarmiðstöðva.
- Prentaðra verka s.s. bóka, tímarita- og blaðagreina, myndlistar, tónsmíða, nótna og grafa.
- Íslenskra og erlendra verka
- 20% af umfangi hvers rits, að hámarki 30 bls. á hverju skólaári/námskeiði

Efni sem kennarar og nemendur afrita í þágu náms og kennslu fellur undir gildissvið samningsins. Heimilt er að ljósrita upp á gamla mátann, af pappír á pappír, skanna, ljósmynda og búa til hliðstæð eintök, vista á lokuðum innri vefjum skólanna og/eða dreifa með rafrænum hætti til þeirra sem undir samninginn falla.

Hvað er Fjölís?

Fjölís er milliliður þeirra sem afrita texta, nótur og myndir til notkunar í starfi sínu og rétthafa höfundaréttarins.

Fjölís innheimtir sanngjarna þóknun fyrir afnot af höfundaréttarvörðu efni og er tekjum af leyfissamningum ráðstafað til höfundaréttarsamtaka sem aðild eiga að Fjölís.

Höfundaréttarsamtökin úthluta þeim svo áfram til eða í þágu höfunda. Markmiðið er að höfundar fái greitt fyrir verk sín til að geta haldið áfram sköpun nýrra verka.

Aðildarfélagin eru:

Blaðamannafélag Íslands
Félag íslenskra bókaútgefenda
Hagþenkir
Myndstef
Rithöfundasambandið
Samtök tónbókaútgefenda
STEF